

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að fráðregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáiast að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1949 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. júní 1949.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Kristjönugjöf“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

82

9. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Kristjönugjöf.

(Eign Kvennaskólans í Reykjavík.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kristjönugjöf og er gefinn Kvennaskólanum í Reykjavík árið 1947 til minningar um frú Kristjónu Sveinbjarnardóttur, Ingibjörgu H. Bjarnason forstöðukonu og Maríu Jóhannsdóttur skáldkonu.

2. gr.

Sjóðurinn á að vera í vörzlu Nemendasambands Kvennaskólans í Reykjavík, er kys árlega 4 konur í úthlutunarnefnd, en forstöðukona skólans skal jafnan sjálf-

- 82 kjörin ásamt þeim í úthlutunarnefnd. Leggist nemendasamband skólans niður, skal 9. júní sjóðurinn vera í vörzlu forstöðukonu, og tilnefnir hún þá 2 fyrrverandi námsmeyjar skólans með sér í úthlutunarnefnd, en námsmeyjar tilnefna 2 úr sínum hópi á því ári, er úthlutun fer fram.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í marzmánuði ár hvert.

3. gr.

Stjórn Nemendasambands Kvennaskólans skal sjá um ávöxtun á höfuðstóli sjóðsins, og skal hann ávaxtaður í tryggum verðbréfum, sem ábyrgð ríkissjóðs fylgir, eða í Söfnunarsjóði Íslands, eftir því sem bezt þykir henta.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal árlega birta endurskoðaða reikninga hans í Lögbirtingablaðinu og í skýrslum skólans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, þar til sjóðurinn nemur kr. 40000.00 — fjörutíu þúsund krónum — skal leggja alla vexti af sjóðnum við höfuðstólinn. Síðan skal leggja $\frac{1}{2}$ vexti við höfuðstólinn, þar til hann nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónum —, þá skal leggja $\frac{1}{3}$ vaxtanna við sjóðinn þar til hann nemur kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónum. Eftir það skal leggja $\frac{1}{4}$ vaxta við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, má færa út starfssvið hans, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður námsmeyja skólans.

5. gr.

Þeim hluta vaxta sjóðsins, er eigi skal lagður við höfuðstólinn samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4. gr., skal varið til styrktar fátækum stúlkum, er nám stunda í skólanum af ástundun og dugnaði. Jafnan skal sjá til þess, að styrkur sá, sem úthlutað er, sé það riflegur, að hann komi styrkþegum að verulegu gagni. Styrk úr sjóðnum má og veita námsmeyjum skólans, er lokið hafa námi í skólanum, til framhaldsnáms, bæði hér á landi og erlendis, ef nám þeirra þykir þarft og þær stunda það af ástundun og dugnaði.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni sjóðstjórnar fyrir 20. febrúar og fer úthlutun fram í marzmánuði, eins og fyrir er mælt í 2. gr.

7. gr.

Komi það fyrir eitthvert ár, að eigi sé veittur styrkur úr sjóðnum eða ekki eins hár styrkur og heimilað er í 4. gr., skulu vextir þeir, sem eigi er úthlutað, lagðir við höfuðstólinn.

8. gr.

Leggist Kvennaskólinn í Reykjavík niður um skemmri eða lengri tíma, skal ávaxta sjóðinn samkvæmt 3. og 7. gr. Þangað til skólinn tekur aftur til starfa eða annar algerlega hliðstæður kvennaskóli í Reykjavík, sem veitir ungum stúlkum kennslu til munns og handa, álíka eða meiri en Kvennaskólinn í Reykjavík gerir nú, og gilda þá ákvæði skipulagsskrár þessarar um stjórn og meðferð sjóðsins og styrkveitingar úr honum.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.